

Nd. 170. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. málsg. 6. gr. orðist svo:

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms.

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, sem lögheimili eiga hér á landi, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða ófærir um að inna framfærsluskyldu sína af hendi, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjú mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 6 mánuði eftir lát maka, kr. 7 368.00 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5 525.00 á mánuði.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t. d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í b-lið 29. gr. falli burtu orðin „hjá meistara“.

6. gr.

Í stað orðanna „3. málsg. 29. greinar“ í 30. gr. c-lið komi: 4. málsg. 29. greinar.

7. gr.

Upphaf 3. málsg. 33. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri . . .

8. gr.

4. málsg. 44. gr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysdagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

9. gr.

Á eftir orðunum „ella allt að $\frac{2}{3}$ hlutum“ í 6. málsgrein 44. gr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Niðurlagsorð 6. málsg.: „Dagpeningar húsmóður“ o. s. frv., falli niður.

10. gr.

Við 54. gr. bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnanna.

11. gr.

78. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.

12. gr.

Í stað núverandi 80. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Starfa skal tryggingadómur. Í tryggingadómi eiga sæti 3 menn, skipaðir af hæstarétti til fjögurra ára í senn, læknir, tryggingafræðingur og lögfræðingur og er hann formaður dómsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Tryggingadómur sker úr ágreiningi um bótarétt milli einstaklinga og Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkrasamlaga. Tryggingadómur setur sér sjálfur starfsreglur.

13. gr.

Núverandi 80. gr. verður 81. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem samþykkt voru á Alþingi á síðastliðnu vori, áttu að taka gildi hinn 1. janúar næstkomandi.

Er núverandi ríkisstjórn tók við völdum hinn 15. júlí, var eitt af atriðum málefnasamnings hennar að flýta gildistöku bótaákvæða lífeyrstryggingakafla frumvarpsins, og voru gefin út bráðabirgðalög þar að lútandi hinn 19. júlí 1971. Bótahækkunar voru greiddar frá 1. ágúst.

Í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd hinn 9. ágúst, sem fékk það hlutverk að „endurskoða allt almannatryggingakerfið, m. a. með það fyrir augum, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að þær nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur.“

Í nefndinni eiga sæti:

Geir Gunnarsson, alþingismaður, formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur, Tómas Karlsson, ritstjóri, og Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri, en Þórir Bergsson, tryggingafræðingur, hefur verið nefndinni til ráðuneytis.

Nefndin hefur ekki lokið heildarendurskoðun tryggingakerfisins á þeim skamma tíma, sem hún hefur starfað, en til þess að koma strax nokkuð til móts við markmið sitt hefur hún samið það frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingalögunum, sem hér liggur fyrir.

Meginbreyting frumvarpsins felst í 4. grein þess, þar sem tekjulágmark bótaþega er hækkað í kr. 120 000.00.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Breytingin kemur til vegna nýrra ákvæða um tryggingadóm.

Um 2. gr.

Með greininni er um að ræða rýmkun á ákvæðum um barnalífeyrisgreiðslur. Þannig verður samkvæmt greininni greiddur barnalífeyrir með barni móður, sem er örorkulífeyrisþegi. Einnig er kveðið á um, að ákvæði, sem áður voru heimildarákvæði, verði skylda, svo sem tvöfaldur barnalífeyrir til munaðarlausra barna og þegar báðir foreldrar eru ófærir að inna af hendi framfærsluskyldu.

Þá eru tekin upp heimildarákvæði um greiðslu barnalífeyris vegna barna þeirra manna, er sæta gæzlu eða refsivist, svo og þeirra barna, er ekki hefur tekizt að feðra.

Um 3. gr.

Breytingin miðar að því að gera rétt karla og kvenna hinn sama við fráfall maka.

Um 4. gr.

Lágmarksframfærslueyrir hækkar samkvæmt þessari grein úr kr. 84 000.00 í kr. 120 000.00 á ári og hjónalífeyrir hlutfallslega.

Gert er ráð fyrir, að hlutfallsgreiðslur sveitarfélaga í bótahækkun falli niður.

Um 5. gr.

Breytingin er til samræmis við ákvæði iðnfræðslulaga.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Breytingin miðar að því, að allir einstaklingar njóti sömu slysadagpeninga og að bótamismunur verði eingöngu eftir barnafjölda á framfæri.

Uppbæð bóta fyrir hvert barn hækkar jafnframt úr kr. 36.00 í kr. 75.00 á dag.

Um 8. gr.

Breytingin er hliðstæð samsvarandi breytingu í 7. grein.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin er sett til að leggja áherzlu á skyldu starfsliðs þess, er bótaþegar þurfa að leita til, og leggja þannig áherzlu á starfsþjálfun starfsfólksins.

Um 11. gr.

Sú breyting er hér gerð, að hækkun fjölskyldubóta verður ákvörðunarefni ríkisstjórnar í stað þess að fylgja sömu skylduhækkun og aðrar bætur. Þetta er gert með hliðsjón af því, að bætur þessar eru um margt ólíkar öðrum bótum. Enn fremur er sú breyting gerð að miða hækkun hreinna tryggingabóta við almennt verkamannakaup í stað fiskvinnukaups.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að setja á stofn sérstakan, sjálfstæðan tryggingadóm, sem einstaklingar geta skotið bótaréttarmálum til. Slíkur dómur ætti að tryggja rétt bótaþega og samræmi úrskurða í bótamálum.

Dómurinn dregur að engu leyti úr rétti til að leita réttar við hina almennu dómstóla.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Kostnaður vegna þeirra breytinga, er frumvarpið hefur í för með sér, hefur verið kannaður og er talinn vera þannig:

Vegna lífeyrstrygginga	296.0 millj. kr.
Vegna slysatrygginga	3.4 — —
Vegna sjúkratrygginga	11.8 — —

Framlag ríkissjóðs til lífeyrstrygginga þarf því að hækka um 106.6 millj. kr. og sjúkratrygginga um 6.7 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi 1972.

Fylgiskjal.

Áætluð kostnaðaraukning vegna áformaðra breytinga á lögum nr. 67 20. apríl 1971.
14. gr. Barnalífeyrir.

Ekki liggja fyrir gögn til þess að reikna út væntanlegan kostnað af áformuðum breytingum á þessari grein með nokkurri nákvæmni. Barnalífeyrir til barna móður, sem er örorkulífeyrisþegi, hefur ekki áður verið greiddur, nema um sé að ræða einstæða móður. Barnalífeyrir var árið 1970 greiddur til 795 barna öryrkja, og eru það mun færri börn en verið hefur á árunum þar á undan. 1969 voru þau 913, 1968 var greiddur barnalífeyrir til 901 barns öryrkja og 1967 til 905. Aldurstakmörkin hafa nú verið hækkuð úr 16 ára í 17 ára og veiddur það nokkurri fjölgun.

Sé gert ráð fyrir, að örorka sé svipað algeng meðal kvenna og karla, en um það vantar gögn, má áætla kostnaðaraukninguna vegna barna móður, sem er örorku- lífeyrisþegi, nema um 30.5 millj. kr. árið 1972 samkvæmt nágildandi bótaupphæðum, 36 108 kr. á ári. Kostnaður vegna annarra breytinga á þessari grein hefur ekki verið athugaður, en að nokkru leyti eru það heimildarbætur, sem nú er lagt til að verði lögfestar.

Kostnaður vegna sömu bóta til ekkla og ekkjur njóta samkvæmt 17. gr. laga nr. 67/1971.

Með tilliti til upplýsinga í Hagtiðindum um, fólksfjölda og dánartölur er fjöldi ekkla á aldrinum 20—67 ára áætlaður 60% af fjölda ekkna á þessum aldri. Ekki er þessi áætlun þó nákvæm, þar sem algjörlega vantar upplýsingar um aldursmun hjóna í mismunandi aldursflokkum. Í fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir 1972 voru bætur til ekkna áætlaðar 13.1 millj. kr. samkvæmt þessari grein, og áætlast því bætur til ekkla nema 7.9 millj. kr. árið 1972 miðað við núverandi bótaupphæðir.

19 gr. Kostnaðaraukning vegna hækkunar lágmarkstekna

úr 84 000 í 120 000 kr. fyrir einstaklinga og mótsvarandi fyrir hjón er áætluð vegna ellilífeyrisþega samkvæmt skattskrá 1970 verða um 201.4 millj. kr. árið 1972. Af þeirri reynslu, sem fengin er af kostnaði vegna lágmarkstekna, má gera ráð fyrir, að 20% bótanna fari til öryrkja, og áætlast því kostnaðaraukningin vegna þeirra nema um 50.4 millj. kr.

33. gr. Sjúkradagpeningar slysaftryggingadeildar.

Greiðslur vegna sjúkradagpeninga slysaftryggingadeildar eru ekki sundurliðaðar eftir einstaklingum, fjölskylduféðrum og hörnum. Sé hins vegar gengið út frá, að skipting útgjalda sé svipuð og hún reyndist vera hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur við athugun á útgjöldum ársins 1958, má áætla, að hækkun slysadagpeninga einstaklinga nemi um 1.7 millj. kr. og hækkunin vegna barna 1.6 millj. kr. eða samtals 3.3 millj. kr.

Sjúkradagpeningar samkvæmt 44. grein.

Gengið er út frá, að dagpeningar skiptist milli einstaklinga, kvæntra og barna í sömu hlutföllum og við athugun Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1958. (Sundurliðun er ekki gerð í bókhaldi sjúkrasamlaganna).

Kostnaðaraukning yrði þá vegna einstaklinga 5.2 millj. kr. og vegna barna 6.4 millj. kr. eða samtals 11.6 millj. kr.

Áætlun þessa verður að taka með mikilli varfærni, þar sem skiptingin milli hópa með mismunandi upphæðir dagpeninga getur hafa breytt verulega á þeim tíma, sem liðinn er, frá því athuginin á því fór fram.

Kostnaðaraukningin áætlast því samkvæmt ofanrituðu:

Lífeyrisdeild	290.2 millj. kr.		
Til varasjóðs 2%	5.8 — —		
		296.0	millj. kr.
Slysideild	3.3 millj. kr.		
Til varasjóðs 2%	0.1 — —		
		3.4	— —
Sjúkradeild	11.6 millj. kr.		
Til varasjóðs 2%	0.2 — —		
		11.8	-- —
	Samtals	311.2	millj. kr.